Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 132/1990. **Þrotabú Merkimiða hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Halldóri Laufland Jóhannessyni og Magnúsi Guðfinnssyni
(Kjartan Ragnars hrl.)
og gagnsök.

Kaupsamningur. Leigusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. mars 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og gagnáfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða sér 1.795.605 krónur með 43,2% ársvöxtum af 457.417 krónum frá 1. október 1987 til 1. nóvember s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 49,2% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1988, 51,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 45,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 45,6% ársvöxtum af 1.795.605 krónum frá þeim degi til 1. maí s.á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 2. mars 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. mars 1990. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1990 að fengnu leyfi 8. sama mánaðar. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að þeir verði dæmdir til að greiða honum 33.354 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði hins áfrýjaða dóms. Til þrautavara krefjast þeir staðfestingar dóms-

ins, en í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á þá niðurstöðu hans, að gagnáfrýjendur hafi fallið frá kaupunum í tæka tíð og því sé ekki um vanefndir á kaupsamningi að ræða. Á sama hátt ber að fallast á með héraðsdómara, að gagnáfrýjendum beri að greiða húsaleigu til 1. apríl 1988, samtals 105.000 krónur.

Í varakröfu sinni hér fyrir dómi krefjast gagnáfrýjendur skuldajafnaðar við þessa húsaleigugreiðslu og hafa lagt fram greiðslukvittanir og reikninga vegna námsferðar til Englands í febrúar 1987, samtals 121.646 krónur. Vísa þeir til viðbótarsamkomulagsins frá 28. janúar 1987, sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi. Þar segir í 1. gr.: „Vegna námsferðar til Englands leysir seljandi kaupendur frá greiðslu víxils pr. 1/11 1986, að fjárh. 50.000,00 kr., og greiðir auk þess hugsanlegan mismun, ef kostnaður verður meiri, vegna flugfars, gistingar og kennslugjalds fyrir 2 menn." Mismunurinn á kostnaðinum og víxlinum nemi 71.646 krónum, sem þeir krefjast til skuldajafnaðar. Hafa þeir haldið því fram í málinu, að viðsemjandi þeirra, Geir Herbertsson heitinn, hafi lofað að taka þátt í kostnaði þessum, eins og samkomulagið greini, en ekki hafi reynt á efndir fyrir fráfall hans.

Fram lagðar greiðslukvittanir eru út gefnar af Flugleiðum 12. febrúar 1987 vegna tveggja flugmiða. Þeim fylgja reikningur hótels í Norwich á Englandi 15. til 17. febrúar sama ár svo og reikningur vegna kennslugjalds hjá fyrirtæki í sömu borg, dagsettur 17. sama mánaðar. Ekki er ástæða til að tortryggja þann kostnað, sem gögn þessi sýna, en vegna orðalags á fyrrgreindu samkomulagi má ætla, að hann sé nokkru hærri en við mátti búast. Með hliðsjón af því þykir mega lækka kröfu gagnáfrýjenda að álitum um 30.000 krónur. Verður varakrafa þeirra tekin til greina með þeirri breytingu. Verður þeim því gert að greiða aðaláfrýjanda 63.354 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að hver aðila beri sinn málskostnað.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Halldór Laufland Jóhannesson og Magnús Guðfinnsson, greiði aðaláfrýjanda, þrotabúi Merkimiða hf.,

63.354 krónur með 45,6% ársvöxtum frá 1. apríl 1988 til 1. maí s.á., 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 2. mars 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. mars 1990.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. janúar 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., er höfðað með framlagningu skjala í dóm 2. mars 1989. Stefnandi er Skarphéðinn Þórisson hrl., Pósthússtræti 13, Reykjavík, f. h. þb. Merkimiða hf., Skógarhlíð 6, Reykjavík. Stefndu eru Halldór Laufland, Vesturbergi 10, Reykjavík, og Magnús Guðfinnsson, Gerðhömrum 36, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 1.805.730 kr. með eftirfarandi vöxtum: [.....].

Enn fremur er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega að mati dómsins. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hlutafélagið Merkimiðar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta skv. beiðni stjórnar félagsins 28. mars 1988. Fyrir gjaldþrotið, 1. október 1986, seldi hlutafélagið stefndu rekstur fyrirtækisins ásamt öllu því, sem fyrirtækinu fylgdi og átti að fylgja að húsnæði undanskildu, skv. kaupsamningi eða kaupleigusamningi. Húsnæði félagsins að Einholti 2, Reykjavík, var leigt stefndu frá og með 1. október 1986, og eru ákvæði um leigusamning í kaupsamningi frá sama degi. Í kaupsamningi um sölu á rekstri félagsins til

stefndu fylgdu vélar til merkimiðagerðar. Vélar þessar eru tilgreindar í kaupsamningi sem hér segir:

1. Ceeleste flexographic converting machine, model 732, framleiðslunr. 210014055.
2. Flexographic overprinter, framleiðslunr. 150040035.
3. Monitor repro-myndavél fyrir prentiðn.

Einnig seldi félagið lager skv. sérstöku samkomulagi. Með samningi þessum tóku stefndu við öllum tryggingum, sem félagið var með vegna rekstrarins. Heildsöluverð hins selda var skv. samningi 2.900.000 krónur, en þar af lofuðu stefndu að greiða út 378.250 krónur, taka að sér skuldir, sem þá voru metnar á 945.260 krónur, og greiða eftirstöðvar með tveimur veðskuldabréfum, að fjárhæð 756.489 krónur. Enn fremur tóku stefndu á leigu húsnæði Merkimiða hf. að Einholti 2, Reykjavík, og skyldu greiða 15.000 krónur á mánuði í húsaleigu. Ofangreindur samningur frá 1. október 1986 var útbúinn þannig, að hann var kallaður kaupsamningur/kaupleigusamningur. Í b-lið kaupsamnings, undir sundurliðun áhvílandi veðskulda, er eftirfarandi ákvæði: „Þar sem hér er um kaupleigusamning að ræða, hafa kaupendur frest til 15. ágúst 1987 til að ákveða, hvort þeir halda kaupunum, og greiða þeir ekki afborgun af láni Iðnlánasjóðs 15. 8. 1987, ef þeir ákveða að halda ekki kaupunum. Sjá nánar á bakhlið." Á bakhlið kaupsamnings er eftirfarandi ákvæði: „ Ef kaupendur ákveða að halda ekki kaupunum, sbr. forhlið, telst útborgun við samning vera leigugjald fyrir tímabilið 1. 10. 1986 til 1. 10. 1987, 420.000 kr., vegna véla og annars búnaðar. Auk þess greiða kaupendur þá allan rekstrarkostnað fyrir tímabilið, svo sem síma, rafmagn og hita, en seljandi endurgreiðir þá kaupendum afborgun þá, er þeir greiddu af láni Iðnlánasjóðs pr. 15. 2. 1987, og greiðir afborgun af sama láni pr. 15. 8. 1987." 28. janúar 1987 gerðu aðilar svokallað viðbótarsamkomulag við kaupsamning, dags 1. október 1986, vegna rekstrar fyrirtækisins Merkimiða hf.

Eru fjórir töluliðir taldir upp sem viðbótarákvæði við fyrri kaupsamning, en að lokinni þeirri upptalningu er eftirfarandi ákvæði: „Að öðru leyti helst samningurinn óbreyttur, nema kaupendur hafa umþóttunartíma til ákvörðunar að halda kaupunum til 31. 12. 1987 í stað 1. 10. 1987. Er því hér um að ræða endanlegt samkomulag milli aðila, og á hvorugur frekari kröfur á hinn varðandi samning þann, er gerður var 1. október 1986, og framkvæmd hans. Stefnandi kveður sér ekki kunnugt um það, að stefndu hafi ákveðið að falla frá kaupunum fyrir 31. 12 1987. Þar af leiði, að kaupsamningurinn frá 1. október 1987 sé í fullu gildi, og beri stefndu að efna hann eftir ákvæðum hans og viðbótarsamkomulagi, dags. 28. jan. 1987. Stefndu hafi vanefnt kaupsamninginn sem hér segi:

1. Ógreidd sé útborgun pr. 1. 10. 1987, 378.250 kr., ásamt vísitöluhækkun frá 1. 9. 1986 til 1. 10 1987.

2. Stefndu hafi ekki greitt út eftirstöðvar kaupverðs, 756.489 kr., ásamt vísitöluhækkun og vöxtum, eins og kaupsamningur segi til um í lið c.

3.Stefndu hafi ekki borgað húsaleigu, að því er best sé vitað, frá því að þeir tóku á leigu húsnæðið að Einholti 2, frá og með 1. október 1986. Samkvæmt viðbótarsamkomulagi aðila frá 28. janúar 1987 hafi verið fallið frá greiðslu húsaleigu fyrir nóvember og desember 1986.

Samkvæmt ofangreindum kaupsamningi hafi stefndu lofað að taka að sér lán við Iðnlánasjóð, sem var 1. október 1986, eins og áður hefur verið greint frá, 945.260 kr. Ekki sé kunnugt um, að stefndu hafi greitt gjaldfallnar afborganir af þessu láni. Eign þb. Merkimiða að Einholti 2, Reykjavík, sé að veði fyrir láni þessu svo og vélar þær, sem Merkimiðar hf. seldu stefndu, sbr. upptalningu í þremur liðum hér á undan. Eins og áður sé greint, hafi Merkimiðar hf. verið úrskurðaðir gjaldþrota 28. mars 1988. Hafi lögmaður stefnanda verið skipaður bústjóri þrotabúsins til bráðabirgða og hafi reynt fljótlega eftir úrskurðardag að ná samkomulagi við stefndu um uppgjör á kaupsamningnum/kaupleigusamningnum. Haldnir hafa verið nokkrir fundir með stefndu og fulltrúum þeirra, en ekki náðst samkomulag um uppgjör á kaupsamningi. Frekari innheimtutilraunir hafi því ekki borið árangur.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefndu beri að efna kaupsamninginn frá 1. október 1986, sbr. viðbótarsamkomulag frá 28. janúar 1987. Byggt sé á efni kaupsamnings, sem hefði getað breyst í kaupleigusamning, ef stefndu hefðu tilkynnt í síðasta lagi fyrir 31. 12. 1987, að þeir hefðu hætt við kaupsamninginn sem slíkan, en við hefði þá tekið kaupleigusamningur. Stefndu hafi aldrei tilkynnt um þetta fyrir fyrrgreind tímamörk, og hljóti því efni kaupsamningsins að gilda, eins og ákvæði hans segi til um. Kröfugerðin sundurliðast þannig:

1. Hluti útborgunar pr. 1. 10. 1987:		
Greiðsla 1. 10. 1987	kr.	378.250
Vísitöluhækkun frá 2. sept. 1986 til 1. 10. 1987 (lánskjaravísitölur 1486-1797, 20,93% hækkun)	—	79.167
Samtals 1. 10. 1987	kr.	457.417
2. Eftirstöðvar kaupverðs:		
a) Tvö veðskuldabréf, að fjárhæð 756.489 kr., verðtryggð með lánskjaravísitölu 1486 með 45% vöxtum frá 11. 10. 1986 til tveggja ára, fyrsti gjalddagi 1. 4. 1988	—	756.489
b) Hækkun vísitölu frá 1. sept. 1986 til 1. apríl 1988 (1486-1989, eða 33,85)	—	256.071

c) 4% vextir frá 1. 10. 1986 til 1. 4. 1988	kr.	60.753
d) Víxill pr. 1. 12. 1986 skv. samkomulagi, dags. 28. jan. 1987, til greiðslu 1. 4. 1988,	—	50.000
Samtals gjaldfallið 1. 4. 1988	kr.	1.123.313
3. Húsaleiga frá 1. janúar 1987 til 1. apríl 1988	—	225.000
Samtals gjaldfallið 1. 4. 1988	kr.	225.000
Höfuðstóll krafna, liður 1-3, samtals	—	1.805.730

Stefndu reisa aðalkröfu sína á því, að þeir hafi ákveðið að kaupa ekki rekstur Merkimiða hf. og tilkynnt framkvæmdastjóra félagsins um það innan tilskilins frests. Samkvæmt viðbótarsamningi hafi þessi frestur runnið út 31. desember 1987, en verið framlengdur munnlega vegna forfalla framkvæmdastjóra Merkimiða hf. til 3. janúar 1988, en þá hafi stefndu tilkynnt fyrirsvarsmanni félagsins um þá lokaákvörðun sína, að þeir vildu ekki og ætluðu ekki að kaupa reksturinn. Frá þessu hafi hins vegar ekki verið gengið skriflega og þá aðallega fyrir athugaleysi allra þeirra, sem fundinn sátu, en einnig vegna hins, að ákveðið hafi verið á fundi þessum, að aðilar hittust aftur að nokkrum dögum liðnum í því skyni að ræða hugsanlega framlengingu á leigumálanum á dskj. nr. 4. Af þessum fundi hafi hins vegar ekki orðið vegna andláts framkvæmdastjóra Merkimiða hf. Það breyti þó ekki því, að stefndu höfðu tilkynnt Merkimiðum hf. innan samningsbundins frests um þá ákvörðun sína að kaupa ekki rekstur félagsins, og telja stefndu því, að þrotabú Merkimiða geti engan rétt reist á ákvæðum dskj. nr. 4. um kaupskyldu stefndu og þeir hafi að fullu leyst undan þeirri skyldu á fundi aðila 3. janúar 1988. Sé í þessu sambandi einnig á það að líta, að viðsemjandi stefndu hafi verið hlutafélag, og þó að framkvæmdastjóri Merkimiða hf. hafi andast skömmu síðar, hafi eigi að síður hvílt sú skylda á félaginu að láta sækja þennan fyrirhugaða fund, sem ákveðinn hafði verið 18. janúar 1988, til þess að ganga endanlega og þá væntanlega skriflega frá ákvörðun stefndu gagnvart hlutafélaginu. Stefndu telja því, að þrotabúið verði vegna tómlætis Merkimiða hf. að bera hallann af því, að skjalfest sönnunargögn skortir um þessi grundvallaratriði málsins, ef ástæða þykir til að draga í efa réttmæti frásagnar stefndu um framvindu mála fyrir andlát framkvæmdastjóra Merkimiða hf.

Varakrafa stefndu er reist á því, að hið selda hafi verið miklu minna virði en þeir töldu við undirskrift dskj. nr. 4 og að það hafi verið gallað og skort áskilda kosti í skilningi kaupalaga nr. 39/1922, auk þess sem þeir hafi fengið rangar upplýsingar hjá seljanda við samningsgerðina. Telja stefndu sig því eiga rétt á verulegum afslætti af kaupverðinu og skaðabótum, ef þeir verða taldir bundnir af ákvæðum dskj. nr. 4. um kaupskyldu á rekstrinum, og bera fyrir sig 42. gr. laga nr. 39/1922, 43. gr., 47. gr.

og 53. gr. sömu laga. Auk þess eigi stefndu ýmsar kröfur á Merkimiða hf. til skuldajöfnunar, og beri einnig að lækka kröfur stefnanda af þeim sökum. Muni stefndu leggja fram gögn um það á síðari stigum máls.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndu staðhæfa, að frestur sá, er þeir höfðu til að halda kaupunum samkvæmt viðbótarsamkomulagi frá 27. janúar 1987, hafi verið framlengdur að ósk forsvarsmanns Merkimiða hf., Geirs Herbertssonar.

Vitnið Örn Scheving sölustjóri, sem annaðist samningagerð fyrir Geir, bar hér fyrir dómi, að fundi, sem fyrirhugaður var í desember 1987, hafi verið frestað að ósk Geirs Herbertssonar, en hann hefði dvalist úti á landi hjá syni sínum um hátíðarnar. Aðilar hefðu síðan átt fund með sér á skrifstofu Arnar hér í borg 3. janúar 1988.

Enn fremur kom fram í skýrslu vitnisins Arnar, að á þeim fundi hefði komið fram, að stefndu gerðu sér vonir um að ná samningum við Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um verkefni og að þeir myndu kaupa af Merkimiðum hf, ef samningar tækjust, annars ekki. Hafi Geir gefið þeim aukinn frest til þess að ákveða sig.

Vitnið Guðni Guðfinnsson, bróðir stefnda Magnúsar, var á fundinum 3. janúar og bar, að stefndu hefðu fengið frekari frest til að íhuga stöðu mála.

Samkvæmt þessu þykir mega fallast á það með stefndu, að þeir hafi fengið framlengdan frest til þess að taka ákvörðun um kaup.

Þá er og fram komið samkvæmt skýrslu vitnisins Arnar Scheving, að forsvarsmanni Merkimiða hf., Geir Herbertssyni, var ljóst, að það var skilyrði fyrir kaupum stefndu, að samningar tækjust með þeim og SH um verk fyrir hinn síðarnefnda. Með framburði vitnisins Þóris Guðmundssonar, fyrrverandi innkaupastjóra, er sýnt fram á, að samningar tókust ekki með SH og stefndu.

Stefndu staðhæfa, að þeir hafi komið þessu á framfæri við Geir Herbertsson fyrir andlát hans, og hlýtur staðhæfing þessi nokkurn stuðning í framburði vitnisins Arnar Scheving, og eins og hér háttar til, þykir mega leggja staðhæfingu stefndu um þetta til grundvallar í málinu.

Samkvæmt þessu þykja stefndu hafa sýnt fram á, að þeir hafi fallið frá kaupunum, og verða því kröfur stefnanda samkvæmt 1. og 2. tl. kröfugerðar hans ekki teknar til greina.

Stefnandi krefur stefndu um húsaleigu fyrir tímabilið 1. janúar 1987 til 1. apríl 1988, samtals 225.000 krónur.

Aðilar sömdu um 15.000 krónur á mánuði í húsaleigu, á meðan leigumálinn væri í gildi. Stefndu hafa ekki mótmælt þessum kröfulið, og nokkuð er á reiki, hvenær þeir rýmdu húsnæðið. Stefndu hafa lagt fram

víxil, að fjárhæð 120.000 krónur, sem þeir greiddu og kveða hafa verið greiðslu á húsaleigu. Þessari staðhæfingu stefndu um, að þeir hafi greitt húsaleigu með nefndum víxli, hefur ekki verið mótmælt, og þykir mega leggja hana til grundvallar. Hins vegar ber að dæma þá til greiðslu á eftirstöðvum húsaleigunnar, en fallast má á það með stefnanda, að stefndu beri að greiða húsaleigu til 1. apríl 1988.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu ber að greiða stefnanda 105.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, enda þykja ekki efni til að taka varakröfu stefndu til greina, þar sem hún er ekki studd nægjanlegum gögnum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna jólaleyfis.

Dómsorð:

Stefndu, Halldór Laufland og Magnús Guðfinnsson, greiði stefnanda, þrotabúi Merkimiða hf., 105.000 krónur með 45,6% ársvöxtum frá 1. apríl 1988 til 1. maí s. á., með 44,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s. á., með 52,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst s. a., með 56,4% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 33,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s. á., með 27,6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, 2. mars 1989, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 2. mars 1990.

Málskostnaður fellur niður.